


Arnarnesvegur frá Fífuhvammssvegi að Rjúpnavegi

Deiliskipulag



DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR 1:2000

Greinargerð deiliskipulags

Aðstaður á skipulagssvæðinu og afmörkun svæðis

Deiliskipulagið nær til 1,1 km kafla Arnarnesvegjar frá Fífuhvammssvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs. Það nær yfir veghelgunarsvæði vegarins, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veggðönnun breytinga á gatnamótum á vegkaflanum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stígateingar við þveranir og staðsetningar strætóstöðva yfirfarnar. Deiliskipulagið er unnið af Kópavogsbæ og Vegagerðinni.

Norðan Arnarnesvegjar eru íbúðarsvæði í Salahverfi en sunnan vegarins er golfvöllur. Vegurinn sjálfur er á svæði sem hefur verið raskað og mótað með mannvirkjum og mönum. Vegurinn var fyrst byggður árið 2004 og í kjölfarið voru gerðir stígar beggja vegna. Stígar með veginum til norðurs eru utan veghelgunarsvæðis vegarins en stígar til suðurs eru sumir á mörkum veghelgunarsvæðisins. Stígar meðfram veginum að norðanverðu eru utan deiliskipulagssvæðisins en stígar sunnan við veginn eru innan deiliskipulagssvæðisins. Innan veghelgunarsvæðisins eru engar minjar þekktar og engin ósnortin náttúra til að huga að. Fyrir liggur umhverfismat framkvæmda fyrir þennan kafa Arnarnesvegjar frá 2003 í samræmi við eldri lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Markmið laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar. Um framkvæmdirnar gilda reglugerðir um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit. Ekki er gert ráð fyrir að breytt stefna hafi áhrif á ástand vatnshlota og eru settir skilmálar þar um í deiliskipulagið.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er Arnarnesvegur á þessum vegkafla stofnbraut með gatnamótum í plani, undirgöngum og stígum sem þvera í undirgöngum. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs m.s.br. Allt í kring um deiliskipulagssvæðið eru deiliskipulagsáætlanir í gildi en ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi fyrir Arnarnesveg á þessum vegkafla. Mörkum aðliggjandi áætlanar er fylgt til austurs og vesturs, en gerð verður breyting á mörkum aðliggjandi deiliskipulagi Salahverfis reitir 9 og 11 til norðurs og deiliskipulagi golfvallar í Leirdal til suðurs.

Framkvæmd

Í dag er Arnarnesvegur á þessum vegkafla tvíbreiður með eina akrein í hvora átt og tveimur T-gatnamótum við Sólar sali og Salaveg. T-gatnamótum við Sólar salin er breytt í hægri inn/hægri

út til að bæta umferðarflæði og til að auka umferðaröryggi með því að fækka skurðpunktum akandi umferðar. Við Salaveg er skurðpunktum fækkað með því að setja inn hringtorg. Til framtíðar er miðað við að þarna geti orðið fjögurra akreina vegur, tvær akreinar í hvora átt (2+2 vegur) og er hann sýndur fjögurra akreina í deiliskipulagi. Það er sjónarmið Kópavogsbæjar að hámarkshraði á veginum verði 50 km/kst.

Áætlanir gera ráð fyrir að Borgarlína fari um þennan vegkafla til framtíðar og þá í blandaðri umferð með akandi.

Allar stígateingar sem þvera Arnarnesveg innan skipulagssvæðisins eru mislægar. Undirgöng fyrir stíga og tengingar yfirfarnar. Staðsetning strætóstöðva milli Fífuhvammssvegjar og Sólar sala er óbreytt. Staðsetning strætóstöðvar vestan Salavegar við akrein á leið til austurs er óbreytt. Staðsetning strætóstöðvar sem í dag er austan Salavegar er færð þannig að hún verði vestan hans.

Stofnæð hitaveitu liggur undir Arnarnesveg nálægt gatnamótunum við Rjúpnaveg.

Hávaði frá umferð hefur verið kortlagður út frá framtíðarumferð og er gert ráð fyrir hljóðvörnnum til að draga úr áhrifum af völdum umferðarhávaða á íbúðabyggð. Miðað er við 50 km hraða á klukkustund, LAeq 2 m yfir jörðu og viðmiðunarár fyrir umferð er 2040. Hljóðmanir eru við veginn í dag.

Fyrir þau hús þar sem efri hæðir eru með hljóðstíg reiknað yfir mörkum getur þurft að gripa til ráðstafana til að tryggja hljóðvist aðrar en hljóðmanir eða veggi, og eru dæmi um að það hafi verið gert í deiliskipulagi Salahverfis, lóðabliðum og byggingarnefndarteikningum fyrir stakar lóðir.

- Hávaði er að hluta til yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar við húsveggi á efri hæðum fyrir Rjúpnasali 12 og 14. Niðurstöður sýna að hækkaðar hljóðmanir hafa takmörkuð áhrif á hljóðstigið. Deiliskipulag fyrir þessar lóðir sýnir hljóðmön við Arnarnesveg og nefna má að á byggingarnefndarteikningum fyrir fjölþýlishúsið Rjúpnasölum 14 er gert ráð fyrir mótvægisadgerðum á tveimur húshliðum frá 2. hæð og uppúr.

- Reiknað hljóðstíg við húsvegg við Röðasali 1 er yfir viðmiðunarmörkum. Deiliskipulag við Röðasali 1 er með kvöð um að á lóðarmörkum að Arnarnesvegi og Salavegi skuli gera skjólvegg/hljóðvegg í amk. 1,5 m hæð, auk gróðurbelta beggja vegna götu.

- Reiknað hljóðstíg fyrir Rjúpnasali 2 og 4 er yfir viðmiðunarmörkum. Í deiliskipulagi Salahverfis eru sýndar hljóðmanir við Arnarnesveg milli vegar og Rjúpnasala 2 og 4.

Deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að Arnarnesvegur verði tvær akreinar í hvora átt til framtíðar. Á veginum eru tvö gatnamót: hringtorg er við Salaveg en við Sólar sali er hægt að beygja til hægri af Arnarnesvegi inn á Sólar sali og keyra út af Sólar solum til hægri.

Stígur sunnan Arnarnesvegjar með golfvellingum er hluti af skilgreindum stofnhjólaleiðum á höfuðborgarsvæðinu, eins og þær eru birtar á vef Vegagerðarinnar og hluti af stofnstiganeti hjólréiða í Kópavogi sbr. aðalskipulag. Stígurinn er aðskilinn fyrir gangandi og hjólandi. Útfærsla stofnhjólaleiðanna var unnin af vinnuhópi á vegum Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu og var litit sérstaklega til samgönguhjólreiða við skipulagningu þeirra. Tvenn undirgöng eru á Arnarnesvegi fyrir stíga.

Borgarlínan mun aka eftir Arnarnesvegi með annarri bílaumferð. Deiliskipulagið sýnir strætóstöðvar en frumdragavinna Borgarlínu á þessum kafla er ekki hafin.

Veghelgunarsvæði Arnarnesvegjar er sýnt á uppdraetti og er það í 30 m fjarlægð frá miðlinu Arnarnesvegjar. Hljóðmanir eru norðan og sunnan vegar og gert ráð fyrir nýjum 1 m háum hljóðvegg ofan á mönunum norðan vegar. Kvöð er sýnd vegna stofnlagna, þar sem í dag er stofnæð hitaveitu.

Mikilvægt er að tryggja að framkvæmdir við veginn og umferð valdi ekki mengun í jarðveg eða vatn. Jafnframt þarf að huga að rykmengun, hávaða, meðferð ollu og annarra spilliefna, frágangi svæðis að efnistöku lokinni. Fráveitu ofanvatns skal haga þannig að ekki verði neikvæð áhrif á vatnshlot. Nánari kröfur og útfærsla þessara þátta eru skilgreindar við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Trjágróður, runnar og gróður skulu nýtt til að veita skjól og fegra ásynð.Þversnið, planlega vega og stíga og fyrirkomulag strætóstöðva getur tekið minniháttar breytingum við fullnaðarhönnun án þess að breyta þurfi deiliskipulagi þessu.

Umhverfisáhrif

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af nýju deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg eru **náttúrufar** þar sem áhrif eru metin óveruleg, **heilsa og öryggi** vegna áhrifa af bættu umferðaröryggi, **hljóðvist** og **loftgæði** vegna framtíðarumferðar og **samgöngur og ferðavenjur** vegna breytinga á vegum og stígum.

Áhrif deiliskipulagsins á **náttúrufar** eru metin **óveruleg** þar sem umhverfi vegarins er borgarumhverfi og engin ósnortin náttúra að huga að. Minjar eru engar á deiliskipulagssvæðinu og áhrif á vatnafar líkleg til að vera óveruleg. Frárennsli verður til skoðunar við hönnun tvöföldunar vegarins þar sem skoðað verður að ofanvatn af veginum verði leitt í fráveitukerfi. Áhrif á ásynð og landslag eru talin líkleg til að vera óveruleg þar sem vegurinn er á breiðu veggsvæði milli jarðvegsmana, á svæði sem er tekið frá fyrir veginn.

Áhrif á **heilsu og öryggi** eru **jákvæð** en í skipulaginu eru gerðar umbætur á gatnamótum sem leiða til aukins umferðaröryggis. Skurðpunktum umferðar er fækkað og hringtorg sett inn í stað T-gatnamóta. Ofanvatni af götum verður leitt í fráveitukerfi og verður frárennsli af veginum til skoðunar við hönnun á tvöföldum vegi. Skilmálar gera ráð fyrir að fráveitu skuli haga þannig að ekki verði neikvæð áhrif á vatnshlot.

Hljóðvist vegna framtíðarumferðar var reiknuð og staðfesta þeir útreikningar þörf fyrir hljóðmanir sem eru norðan og sunnan vegarins í dag. Hljóðstíg við húsvegg á efri hæðum voru að hluta yfir viðmiðunarmörkum en niðurstöður hljóðreikninga sýna að hækkun hljóðmana hefur takmörkuð áhrif þar. Til að koma til móts við ábendingar íbúa um að núverandi manir hafi sigið var ákveðið að bæta við 1 m háum hljóðvegg ofan á núverandi manir norðan vegar. Fyrir þau hús þar sem efri hæðir eru með hljóðstíg reiknað yfir mörkum getur þurft að gripa til ráðstafana til að tryggja hljóðvist með öðrum aðgerðum og er það gert að einhverju leyti með ákvæðum á lóðarblöðum og byggingarnefndarteikningum. Áhrif á hljóðvist eru **neikvæð**.

Loftgæði verða fyrir áhrifum af framtíðarumferð en almennt eru áhrif á byggð ekki líkleg til að vera veruleg þar sem íbúðarhús og starfsemi er að jafnaði í meira en 40 metra fjarlægð frá Arnarnesvegi, þar sem umferðin er mest. Áhrif á loftgæði eru metin **óveruleg**.

Áhrif á **samgöngur og ferðavenjur** eru óveruleg vegna þeirra breytinga á Arnarnesvegi sem deiliskipulagið boðar. Áfram er gert ráð fyrir fjölþreyttum ferðamátum og skilvirkum samgöngum fyrir öll.

taka tillit til þessa við hönnun þeirra. Almennt getur aukin úrkomuákefð haft áhrif á skemmdir á vegum, flóð, flóð í ræsakerfum og óstöðuleika undirlags. Með reglulegu viðhaldi samgöngumannvirkja má auka seiglu mannvirkja gagnvart skemmdum á vegum. Skipulagssvæðið er nokkuð berskjaldað fyrir veðri og vindum og er staðsett þar sem ríkja sterkar suðaustlægar áttir. Aukin tíðni ofsaveðurs er áskorun og til að auka skjól í bæjarlandinu eru settir skilmálar um trjágróður en manir veita einnig skjól.

Kynning, samráð og skipulagsferli

Við vinnslu deiliskipulagsins var unnið með þær athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagsýsingar og við auglýsingu tillögu. Eftir auglýsingu var bætt við umfjöllun um ofanvatn, fráveitu og hljóðvist.

- Bætt er við umfjöllun um ofanvatn, fráveitu og vatnshlot í forsendur, deiliskipulag og umhverfismat. Skilmálar kveða á um að hönnun skuli tryggja að ekki verði neikvæð áhrif á vatnshlot.
- Til að bregðast við ábendingum um sig hljóðmana er gert ráð fyrir 1 m háum hljóðveggjum ofan á núverandi manir norðan vegar. Veggirnir eru sýndir á uppdraetti og hljóðvistarkort uppfært. Umfjöllun um hljóðvist í greinargerð uppfærð til samræmis.
- Gróður er sýndur á uppdraetti. Staðsetning er leiðbeinandi.


Skipulagsgögn og kortagrunnur

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000
- Greinargerð á uppdraetti.
- Hljóðvistarkort á uppdraetti og í fylgiskjali.

Kortagrunnur:

Skipulagsuppdráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins.



HLUTI AÐALSKIPULAGS KÓPAVOGS 2019-2040

SKÝRINGAR


- Mörk deiliskipulagsreits
- Skipulagt svæði
- Vegir
- Göngustígur
- Hjólastígur
- Veghelgunarsvæði
- Hljóðvörn mön / veggur
- Gróður til skýringar
- Undirgöng
- Strætóstöð
- Kvaðir um lagnaleið

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 40. og 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann	
og í bæjarstjórn Kópavogsbæ þann	
Lýsingin var auglýst frá	29.05.2025
með athugasemdafresti til	18.06.2025
Tillagan var auglýst frá	18.11.2025
með athugasemdafresti til	13.01.2026

f.h. Kópavogsbæjar

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann



ARNARNESVEGUR FRÁ FÍFUHVAMMSVEGI AÐ RJÚPNAVEGI Deiliskipulag			
SKJALALYKILL:	BLAÐTÆRD:	UNNID:	RYNT:
111702	A1	GAL	HB
MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYTT:	
1:2000	10.10.2025	24.06.2026	